

Eftirlit - Flokkun og merking - vanmerkt fljótandi þvottaefni - Krónan

Dagsetning	27. ágúst 2021
Fyrirtæki	Krónan ehf.
Heimilisfang	Dalvegi 10-14, 201 Kópavogur
Kennitala	7112982239
Starfsemi	Stórmarkaðir og matvöruverslanir
Eftirlitsstaður	Krónan, Hamraborg 18, 200 Kópavogur / Krónan, Vallakór 4, 203 Kópavogur
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Baldur Víðisson / Ottó Freyr Guðmundsson
Eftirlitsmaður	Fífa Konráðsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Kristín Þorleifsdóttir

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með efnum og efnablöndum í verslun Krónunnar í Hamraborg 18 þann 27.5.2021 í kjölfar ábendingar um að þar væru boðnar til sölu efnavörur sem ekki stæðust kröfur efnalaga nr. 61/2013. Varan var hvorki til staðar í versluninni þá, né þegar Umhverfisstofnun fór í eftirlit í verslun Krónunnar í Vallakór 4 þann 20.08.2021.

MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

CLP: Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og efnablandna sem innleidd er í reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna¹.

Hættuflokkun/flokkun: Flokkun skv. viðeigandi ákvæðum CLP um mat á þeim áhættum sem fylgja notkun tiltekins efnis eða efnablöndu.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 27.5.2020, þar sem kynnt var eftirlit í kjölfar ábendingar um að varan Ariel Professional formula (5L) stæðist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að skoða hvort varan uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun,

¹ Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP og reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 648/2004 um sama efni.

MERKING

Í 32. gr. efnalaga, 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 og 1. kafla III. bálks í CLP eru ákvæði um merkingar efnavara. Af þeim ákvæðum leiðir að birgjar skulu tryggja að efni og efnablöndur sem eru tilbúin til notkunar séu merkt í samræmi við hættuflokkun þeirra. Texti merkinganna er varðar hættusetningar, varnaðarsetningar og viðvörunarorð skal vera á íslensku með ákveðnum undantekningum sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar nr. 415/2014 en eiga ekki við um þær vörur sem hér eru til skoðunar.

Eftirfarandi atriði þurfa að koma fram á merkimiða í samræmi við framangreindar kröfur sbr. neðan- greindar vísanir í einstök ákvæði CLP.

- Nafn, heimilisfang og símanúmer birgis eða birgja í samræmi við a)-lið 1. mgr. 17. gr. Birgir er skilgreindur sem framleiðandi, innflytjandi, eftirnotandi eða dreifingaraðili sem setur á markað efni, eitt sér eða í blöndu, eða setur blöndu á markað.
- tilgreint magn efnisins eða blöndunnar í vöru sem er tiltæk almenningi (t.a.m. rúmmál) í samræmi við b)-lið 1. mgr. 17. gr.
- Vörukenni í samræmi við c)-lið 1. mgr. 17. gr. og 18. gr. Vörukenni eru upplýsingar sem gera kleift að bera kennsl á efnið eða blönduna.
 - Í tilfelli efnis: efnaheiti og CAS/EB(EC) númer þess.
 - Í tilfelli blöndu: vöruheiti og heiti allra þeirra efna í blöndunni sem hafa áhrif á flokkun hennar að því er varðar bráð eiturhrif, húðætingu eða alvarlegan augnskaða, stökkbreytandi áhrif á kímfrumur, krabbameinsvaldandi áhrif, eiturhrif á æxlun, næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu, sértæk eiturhrif á marklíffæri (SEM) eða ásvelgingarhættu.
- Hættumerki í samræmi við d)-lið 17. gr. og 19. gr. og töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka.
- Viðvörunarorð (*Varúð* eða *Hætta*) í samræmi við e)-lið 17. gr. og 20. gr.
- Hættusetningarnar í samræmi við f)-lið 17. gr. sbr. 21. gr.
- Varnaðarsetningarnar í samræmi við g)-lið 17. gr. sbr. 22. gr.
- Reitur fyrir viðbótarkerkingar ef við á sbr. 17. gr. og 25. gr.

Fylgja skal töflu 1 varðandi stærð hættumerkinga og rými á umbúðum undir þær.

Tafla 1: Kröfur um lágmarksstærð merkimiða og hættumerkja. Taflan samsvarar töflu 1.3 í lið 1.2.1.4 í I. viðauka við CLP með síðari breytingum.

Rúmmál umbúðanna	Stærð merkimiðans (mm)	Stærð hvers hættumerkis (mm)
ekki umfram 3 lítra	a.m.k. 52 × 74, ef unnt er	ekki minna en 10 × 10 a.m.k. 16 × 16, ef unnt er
meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar	a.m.k. 74 × 105	a.m.k. 23 × 23
meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar	a.m.k. 105 × 148	a.m.k. 32 × 32
meira en 500 lítrar	a.m.k. 148 × 210	a.m.k. 46 × 46

ATH: Við mælingu á stærð hættumerkis skal miða við lengd á hliðum merkisins eins og sýnt er á mynd 1 sbr. kafla 4.3.2 í leiðbeiningarriti ECHA um merkingar og umbúðir í samræmi við CLP.²

KRÖFUR UM SÉRSTAKAR MERKINGAR FYRIR ÞVOTTA- OG HREINSIEFNI

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni skulu merkingar þvotta- og hreinsiefna, sbr. 11. gr. reglugerðar (EB) 648/2004 vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Falli tiltekið efni eða efnablanda undir gildissvið reglugerðar um þvotta- og hreinsiefni gilda ákvæði CLP um merkingar hættulegra efna og efnablandna sem fyrr en til viðbótar koma til eftirfarandi merkingarskilyrði varðandi þvotta- og hreinsiefni sem seld eru almenningi:

- Tilgreina skal magn innihaldsefna sem talin eru upp í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 648/2004 ef þeim er bætt við í styrk yfir 0,2% miðað við þyngd. Magnið skal gefa upp með einu af eftirfarandi styrkbilum:
 - < 5%
 - ≥ 5% - < 15%
 - ≥ 15% - < 30%
 - ≥ 30%
- Tilgreina skal innihaldsefni úr eftirfarandi flokkum þrátt fyrir að styrkurinn sé undir 0,2%:
 - ensím
 - sótthreinsiefni
 - ljósvirk bleikiefni
 - ilmefni
 - rotvarnarefni
- Ef ofnæmisvaldandi ilmefnum sem finna má á lista í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er bætt við í styrk yfir 0,01 % miðað við þyngd skal tilgreina þau á umbúðum með INCI heitum.
- Gefa skal upp veffang þar sem nálgast má gagnablað yfir innihaldsefni.
- Veita skal leiðbeiningar um notkun og sérstakar varúðarráðstafanir ef þörf krefur.


Jafnframt gilda ákveðnar kröfur varðandi skammtastærðir taupvottaefna en þess konar vörur féllu ekki undir umfang þessa eftirlits og verða þær því ekki raktar hér.

ÖRYGGISLOK

Ákvæði um barnheld öryggislok er a finna í lið 3.1 í II. viðauka CLP. Skyllt er að setja öryggislok á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eituhrif - 1. til 3. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H330, H331).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. undirflokkur (H370, H372).
- ásvelgingarhætta - 1. undirflokkur (H304).
- húðæting - 1. undirflokkur (H314).

² Guidance on labelling and packaging in accordance with Regulation (EC) No 1272/2008 á vef ECHA (PDF): https://echa.europa.eu/documents/10162/23036412/clp_labelling_en.pdf/89628d94-573a-4024-86cc-0b4052a74d65



- Einnig á vörur með metanóli (3% eða meira) eða díklórmetani (1% eða meira).

Fylgja skal staðlinum EN ISO 8317 á endurlokanlegar umbúðir og CEN EN 862 á umbúðir sem eru ekki endurlokanlegar þegar nota skal barnheld öryggislok.

ÁÞREIFANLEGAR VIÐVARANIR

Ákvæði um áþreifanlegar viðvaranir er að finna í lið 3.2 í II. viðauka CLP. Skylt er að setja áþreifanlega viðvörðun á umbúðir vöru sem flokkast m.t.t. eftirfarandi flokka (viðeigandi hættusetningar fylgja í sviga):

- bráð eiturrif - 1. til 4. undirflokkur (H300, H301, H302, H310, H311, H312, H330, H331, H332).
- húðæting (H314).
- stökkbreytandi áhrif á kímfrumur - 2. undirflokkur (H341).
- krabbameinsvaldandi áhrif - 2. undirflokkur (H351).
- eiturrif á æxlun - 2. undirflokkur (H361).
- næming öndunarfæra (H334).
- sértæk áhrif á marklíffæri (SEM) - 1. og 2. undirflokkur (H370, H371, H372, H373).
- ásvelgingarhætta (H304).
- eldfimar lofttegundir, vökvar og föst efni - 1. og 2. undirflokkur (H220, H221, H224, H225, H228).

Áþreifanlegar viðvaranir skulu uppfylla kröfur staðalsins EN ISO 11683 með áorðnum breytingum.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Samkvæmt upplýsingum frá Krónunni ehf. er varan sem um ræðir ekki á markaði og í ljósi þess gerir Umhverfisstofnun ekki kröfu um úrbætur.

Reykjavík, 27. ágúst 2021

Fífa Konráðsdóttir